

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2022

**Efni : Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi) (334. mál)**

Viðskiptaráð Íslands hefur tekið til umsagnar frumvarp til breytinga á áfengislögum. Frumvarpið felur í sér að dregið verður úr einokun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til neytenda og telur ráðið það vera skref í rétta átt en að ganga þurfi mun lengra og afnema að fullu einokunarverslun ríkisins á smásölu með áfengi.

**Einokun ríkisins hefur skaðleg áhrif**

Einaréttur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til áfengissölu er lögfestur í 10. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, og 1. mgr. 7. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011. Í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. Þannig verði heimiluð sala áfengis í gegnum verslanir sem starfræktar eru á netinu.

Um árábil hefur það verið skoðun Viðskiptaráðs að einkaaðilar séu að öllu jöfnu betur til þess fallnir að reka fyrirtæki og standa í atvinnurekstri en hið opinbera. Með kröftum samkeppni skapast sterkir hvatar til að veita sem besta þjónustu á sem lægstu verði, en þetta leiðir til aukinnar hagkvæmni sem er allra hagur. Reynslan af íslenskum smásölumarkaði sýnir svart á hvítu að hið opinbera á að lágmarka atvinnurekstur sinn eins og því er frekast unnt. Þá er ljóst að á undanförunum áratugum hefur aukið frelsi í verslun leitt til gríðarlegrar kjarabótar fyrir íslenska neytendur. Einokunarstaða ÁTVR hefur þær afleiðingar að kraftar samkeppni leiða síður til aukinnar hagkvæmni í rekstri líkt og raunin hefur verið í verslun með aðra vöru.

Því er það jákvætt skref að mati Viðskiptaráðs að heimila vefverslanir með áfengi. Þó telur Viðskiptaráð mikilvægt að gengið sé lengra og einokun ríkisins á rekstri vínbúða verði alfarið afnumin. Fyrir því eru margvísleg rök sem ráðið hefur ítrekað reifað. Meðalhófssjónarmið mæla þar að auki með því að farnar séu aðrar leiðir í því að lágmarka skaðleg áhrif á lýðheilsu af völdum áfengissölu. Sjónarmið í þá veru hefur Viðskiptaráð áður reifað í umsögnum um áfengismál.<sup>1</sup>

**Jafna þarf stöðu innlendra áfengisframleiðanda**

Viðskiptaráð telur frumvarpið mikilvægt skref í að jafna stöðu innlendra áfengisframleiðanda gagnvart erlendum aðilum. Að óbreyttu mega eingöngu erlend fyrirtæki selja Íslendingum áfengi á netinu, en

<sup>1</sup> Sjá nánar hér: [https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/e6d5b03e-b4aa-4cd7-bda7-0f8cbbc09984\\_2020\\_03\\_05+%C3%81fengisl%C3%B6g+.pdf](https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/e6d5b03e-b4aa-4cd7-bda7-0f8cbbc09984_2020_03_05+%C3%81fengisl%C3%B6g+.pdf).

erlendar vefverslanir hafa þó sprottið upp hér á landi með góðum árangri og auknu valfrelsi fyrir neytendur. Að mati ráðsins er ótækt að innlendar vefverslanir sitji ekki við sama borð og erlendar og að hið opinbera handstýri neytendum í viðskipti við erlendar verslanir með því að takmarka atvinnufrelsi hér á landi. Fáránleiki þessarar stöðu birtist í umfjöllun greinargerðar um að íslenskir áfengisframleiðendur hafi flutt vörur sínar út til vefverslananna í þeim tilgangi einum að flytja þær aftur til landsins. Morgunljóst er að hér fara ekki saman hljóð og mynd og að til staðar er markaður fyrir íslenskt áfengi í vefverslunum.


Lýðheilsusjónarmiðum er gjarnan haldið á lofti þegar rætt er um einokun hins opinbera á áfengissölu, en þau byggja meðal annars á markmiðsákvæði 2. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak. Að mati Viðskiptaráðs er erfitt að sjá að slík sjónarmið standi því í vegi að frumvarpið nái fram að ganga.

Í fyrsta lagi tekur Viðskiptaráð undir það sem fram kemur í frumvarpinu um að vefverslun sé nú þegar leyfileg og í fullri starfsemi. Líklegar afleiðingar af samþykkt frumvarpsins yrðu því eingöngu að selt magn flyttist frá erlendri verslun til innlendrar og erfitt er að fullyrða um aukningu í sölu. Í þessu sambandi er einnig ágætt að hafa í huga að aðgengi að innlendri netverslun er síst meira en aðgengi að erlendri netverslun. Í öðru lagi rekur ÁTVR sjálf vefverslun sem erfitt er að sjá að hafi slæm lýðheilsuleg áhrif og ef svo væri, mætti leiða að því líkur að hún færi í bága við b. lið 2. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011. Í þriðja lagi fylgja vefverslun ákveðnir kostir er varða takmörkun á aðgengi, ef vilji er til útfærslu á slíku. Þannig má til dæmis nýta rafræn skilríki til þess að sannreyna aldur þess sem verslar auk þess sem að þeir sem vilja sjálfir takmarka aðgengi sitt að áfengi gætu nýtt kosti tækninnar til að gera það og vísast í því samhengi til hugmynda um spilakort og aðrar líkar lausnir þegar kemur að spilakössum og spilafíkn. Þetta mætti útfæra í lögum og færa má rök fyrir því að ríkari takmörkun felist í þessu heldur en þeim aðgerðum sem ÁTVR heldur þegar úti til að takmarka neyslu áfengis. Við þetta má bæta að þegar er í 4. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir ströngum skilyrðum til að tryggja að áfengi sé ekki afhent fólki undir aldri.

### **Þörf er á heildarendurskoðun í málaflokknum**

Þegar allt er tekið til er Viðskiptaráð fylgjandi því að heildarumgjörð áfengissölu á Íslandi verði endurskoðuð líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum ráðsins um áfengismál. Íslenskum fyrirtækjum hefur sem fyrr sagði verið mismunað um árabíl, en á þeim þætti málsins eru fleiri hliðar en sú er varðar vefverslun með áfengi. Líkt og áður hefur komið fram í málflutningi Viðskiptaráðs er ráðið einnig fylgjandi því að 20. gr. laganna verði endurskoðuð, en í því ákvæði er lagt bann við hvers kyns auglýsingum á áfengi og einstökum áfengistegundum. Slíkt bann sem hyglir erlendum áfengisframleiðendum umfram innlenda, hefur verið við lýði frá árinu 1928 og er barn síns tíma að mati ráðsins, líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum Viðskiptaráðs um áfengismál.<sup>2</sup>

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Viðskiptaráð er reiðubúið að skýra sjónarmiðin að framar nánar og svara spurningum, sé þess óskað.**



Jón Birgir Eiríksson

Sérfræðingur á lögfræðisviði Viðskiptaráðs Íslands

<sup>2</sup> Sjá t.d. hér: [https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/e6d5b03e-b4aa-4cd7-bda7-0f8cbbc09984\\_2020\\_03\\_05+%C3%81fengisl%C3%B6g+.pdf](https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/e6d5b03e-b4aa-4cd7-bda7-0f8cbbc09984_2020_03_05+%C3%81fengisl%C3%B6g+.pdf).